

Alvara eða snjöll flétta Írana?

● Samkomulag um að Íranar sendi lítið auðgað úran til Tyrklands mætir tortryggni ● Íranar segja að viðræður við Vesturveldin geti hafist á ný ● Hjálpar Írönum að fá Brasilíu og Tyrkland til liðs við sig

Karl Blöndal
kbl@mbl.is

Íranar gerðu í gær samning um að flytja hluta af því lítt auðgaða úrani, sem þeir eiga, úr landi í skiptum fyrir kjarnorkueldsneyti. Utanríkisráðherrar Írans, Brasilíu og Tyrklands undirrituðu samninginn og söguðu hann marka tímamót, en víða hefur hann mætt tortryggni.

Íranar skuldbinda sig samkvæmt samningnum til að koma 1200 kg af lítt auðgaðu úrani fyrir í Tyrklandi, það geti gerst innan mánaðar, og eiga í staðinn að ári líönu rétt á að fá um 120 kg af 20% auðgaðu úrani í eldsneyti fyrir kjarnakljúf, sem notaður er til að framleiða ísótópa til krabbameinslækninga.

Fríður með viðræðum ...

Íranar sæta nú þegar refsiaðgerðum af hálfu Sameinuðu þjóðanna vegna kjarnorkuáætlunar sinnar. Stjórnvöld í Teheran segja að nú sé hægt að yta þeim til hlíðar. Luiz Inacio Lula da Silva, forseti Brasilíu, sagði að samkomulagið væri sigur samningaleiðarinnar. „Hann sýnir að hægt er að vinna að fríði og þróun með viðræðum.“

Tyrkir sögðu að nú væru aðgerðir Sameinuðu þjóðanna óþarfar.

Bandaríkjamenn og helstu bandamenn þeirra lýstu yfir efasemdum vegna samkomulagsins, en höfnuðu því ekki alfarið.

„Par sem Íranar hafa margfallega látið undir höfuð leggjast að standa við eigin skuldbindingar og þörf er á að taka á grundvallaratriðum í sambandi við kjarnorkuáætlun Írana hafa Bandaríkjamenn og alþjóðasambandið áfram verulegar áhyggjur,“ sagði Robert Gibbs, talsmaður Barack Obamas Bandaríkjaforseta.

... eða allt í plati?

Harðasta gagnrýnin kom frá Ísraelum, sem sökuðu Brasilíumenn og Tyrki um að hafa látið Írana plata sig. Íranar væru aðeins að kaupa sér tíma í deilunni.

Samkomulaginu svipar til samnings, sem Íranar gerðu við Vesturlönd í október, en stóðu ekki við. Það útskýrir tortryggina auk þess sem birgðir Írana af lítt auðgaðu úrani hafa aukist síðan þá. Samkomulagið frá í gær sýnt um jafnmikið magn og samkomulagið við alþjóðakjarnorkustofnunina, IAEA, í október. Þá áttu 1200 kg að

samsvara um tveimur þriðju af birgðum Írana af úrani, sem hefði þýtt að þeir hefðu ekki verið með nóg til að búa til kjarnorkuvopn.

Samkvæmt heimildum blaðsins *The New York Times* er nú um að ræða um helming auðgaðs úrans í förum Írana.

Samkomulagið gæti dregið úr samstöðunni um að beita Írana þrýstingi í kjarnorkumálum. Íranar hafa neitað að hætta að auðga úran og ekki hleypt eftirlitsmönnum IAEA á staði, sem þeir hafa viljað skoða. Þeir hafa heldur ekki viljað svara spurningum IAEA um rannsóknir og annað, sem gæti tengst kjarnorkuvopnaáætlun þeirra.

Samkomulagið, sem var undirritað í gær, er aftrastur þriggja daga samninga Mahmouds Ahmadinejads, forseta Írans, Lulas og Recepss Tayyips Erdogans, forseta Tyrklands.

Ísraelskur embættismaður sagði við fréttastofuna AFP að það myndi „flækja verulega“ alþjóðlegar tilraunir til að koma böndum á kjarnorkuáætlun Írana að verðandi stórveldi á borð við Brasilíu og Tyrkland hefðu staðið að samkomulaginu.

LULA RYÐUR SÉR TIL RÚMS

Sigur sáttfýsi?

Lula da Silva, forseti Brasilíu, gæti slegið sér upp á samkomulaginu við Írana. Standi Íranar við það er hann með pálmann í höndunum. Hann hefði þá sannað að mat hans að hægt væri að leysa deiluna við Írana með samningum hefði verið rétt. Um leið hefði hann sýnt fram á það heima fyrir að Brasilía gæti látið að sér kveða í utanríkismálum og rennt stöðum undir kröfuna um fast sæti í Öryggisráði SP.



Reuters

Áður óþekkt risarotta

Vísindamenn segjast hafa fundið fjölda áður óþekktra dýra í rannsóknunum í afskekktum frumskógum Indónesíu. Þar á meðal er þessi stórvaxna, loðna rotta. Einnig

fannst froskur með langt nef, minnsta afbrigði vallabía (svo nefndast lítill dýr af kengúrætt) sem vitad er um, og guleygur gekkó. Dýrin fundust á eyjunni Nýju-Gíneu.

Starfsmenn BP áttu að bora hraðar

Breska olufyrirtækið BP þrýsti á starfsmenn um að hraða störfum þegar þeir voru að bora í Mexíkóflóa með þeim afleiðingum að sprenging varð og olía streymdi óhindrað í sjóinn. Þetta kom fram í þættinum 60 Minutes á bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS á sunnudagskvöld. „Við skulum auka hraðann, auka hraðann,“ sagði Mike Williams, yfirraffmagnsverkfræðingur á borpallinum, að yfirmenn sínir hefðu sagt og átt við að dýpka þyrfti borholuna hraðar. „Það var alltaf þrýstingur, en þrýstingurinn var aukinn.“

BP er undir miklum þrýstingi út af slysinu og ekki minnkaði hann í

gær þegar The Center for Public Integrity, miðstöð um rannsóknarbladamennsku, birti upplýsingar um fjölda alvarlegra brota á Öryggisreglum. Tölurnar fengust hjá OSHA, stofnun um Öryggi og heilbrigði í atvinnulífum. Þar kemur fram að á milli júní 2007 og febrúar 2010 fékk BP 862 áminningar fyrir brot í olíuhreinsunarstöðvum sínum í Texas City í Texas og Toledo í Ohio. Af þeim tóldust 760 grófur ásetningar og 69 ásetningar. Alls var olíuhreinsunarstöðvum veitt 851 áminning fyrir ásetningsbrot á þessu tímabili og fékk BP 829 þeirra. kbl@mbl.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. maí 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2010 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. maí 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskýlda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álgöðum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útværpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáskorun þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli